

Aðalfundur FISG, haldinn að Kaffi Sólon föstudaginn 9. maí 2003 kl. 17.00

Formaður, Svava Magnúsdóttir, setti fundinn. Fundarstjóri var skipaður Ragnheiður Guðnadóttir. Fundarritari Olga Sverrisdóttir

Dagskrá

1. Ávarp Dagnýjar Einarsdóttur, hómópata, formanns fagfélags Ísl. hómópata og í stjórn FISG. Velti fyrir sér spurningunni um hvað sameinar okkur og af hverju við eigum að vera í þessum félagsskap. Hún ræddi eftirfarandi atriði:
 - a. Viðurkenning. Spurning um viðurkenningu hverra og af hverju? Velti fyrir sér lögleiðingu hómópata, sem felur í sér að fara inn í heilbrigðiskerfið á forsendum heilbrigðisstétta. Finnst að það komi ekki til greina heldur að hómópar vinni á eigin forsendum. Skv. stjórnarskránni hefur hver og einn rétt til að starfa eins og honum sýnist, ef hann brýtur ekki á rétti annarra. Ræddi um sameiginlegan grunn í menntamálum. Ekki nóg að hafa lífeðlisfræðilegan grunn. Vantar sameiginleg óhefðbundin fræði, þar sem fjallað er um lífsorkuna á heimspekilegum grunni. Þetta ætti að vera skylda. Öll fögin innan FISG eigi þetta sameiginlegt.
 - b. Ræddi um baráttuna um niðurfellingu Vsk og að það ættu að vera neytendur sem krefðust þess að fella hann niður. Dagný vill beita sér fyrir stofnun neytendasamtaka sem berjist fyrir þessu.Dagný bað fundarmenn að melta þetta með sér og þakkaði fyrir áheyrnina.

2. Rannveig Björnsdóttir las upp fundargerð síðasta aðalfundar FISG, og var hún samþykkt.
3. Skýrsla formanns. Svava rakti fjölda stjórnarfunda og samþykkt um árgjald. Sagði frá viðbrögðum við grein í DV um innflutning á nuddurum í stað súludansmeyja. Stjórnin fundaði í kjölfarið með Vinnumálastofnun (og fl. náði ekki hverjir það voru) og þar var fastsett hvornig erlendir nuddarar fengju metna menntun sína og viðurkenningu hér heima. Rakti beiðni til heilbrigðisráðherra um setningu og þátttöku í nefnd um óhefðb. meðhöndlun og sagði frá vinnu nefndarinnar. Sagði frá nýjum lögum og siðareglum sem send hafa verið út til félaga. Sagði frá heilsufarsskýrslu og hönnun hennar, og áherslu á að þessi skýrsla verði almennt notuð hjá græðurum. Sagði frá NSK fundinum 4.-6. apríl. Anne May mun greina nánar frá honum. Svava ræddi nánar um reglugerð um skráningu meðhöndlara sem var lögð fram sem frumvarp til samþykktar í danska þinginu. Þar verði skráning ekki skylda en mun auðvelda vinnu meðhöndlara, þar sem þeir geta sýnt fram á menntun sína og standa betur að vígi á vinnumarkaði með slíkan pappír upp á vasann. NSK vinnur að sameiginlegri skráningu norrænna meðhöndlara. Svava ræddi einnig um heiti á meðferðaraðilum og taldi upp nokkrar tillögur um slíkt sem kæmu í stað græðara eða óhefðbundins meðhöndlara. Rætt var um að senda út þessar tillögur á tölvupósti og biðja félagsmenn aðildarfélaganna að koma með tillögur. Þá sagði Svava frá því að heimasíða FISG væri fullbúin en ekki búið að opna á hana þar sem ætti eftir að taka afstöðu til þess hvort breytt yrði um heiti félagsins. Að lokum lýsti Svava því yfir að hún hefði ákveðið að fara frá sem formaður og þakkaði fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Erla Ólafsdóttir, formaður Cranio-sacral félags Íslands spurði í sambandi við orðafar Svövu um það hvort ekki væru allir að vinna með náttúruna í sinni meðferð. Það var vegna einnar tillögu um heiti á græðara, náttúrulækningar/meðferðir. Svava útskýrði að ekki væru allir græðarar að nota efni úr náttúrunni til meðhöndlunar.

Anna Birna frá Fél. ísl. hómópata sagðist sammála skilgreiningu Erlu. Spyr hvort hafi verið leitað til málvísindafólks og því var svarað að svo væri. Spurði einnig um heilsufarsskýrslu. Staðfest að heilsufarsskýrslan væri sú sama og Organon ynni eftir, en hún yrði einfölduð sem grunnskýrsla, en síðan hefði hvert félag sérgreinda skýrslu eftir sínum þörfum.

4. Skýrsla gjaldkera. Katrín Jónsdóttir rakti hana. Fundarstjóri bar skýrsluna undir atkvæði og var hún samþykkt.

Spurt var um skýringuna á árgjaldi í NSK. Svava sagði að þetta væru 3.000 DKK, þess vegna ójöfn tala í ÍSK.

5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga. Halla las upp lögina og var hver grein tekin fyrir og samþykkt eða breytt. Þar var m.a. samþykkt að breyta nafni FISG í Bandalag íslenskra græðara, BÍG.

Dagný vakti athygli á því að ekki væri gert ráð fyrir að hleypla inn í BÍG einstaklingum sem kæmu til landsins með nýja menntun sem ekki væri til félag um. Næstu stjórn var falið að finna lausn á þessu máli.

6. Árgjald. Ákveðið að hafa það óbreytt. Óli mælti með því að sótt verði um styrki til Alþingis til reksturs bandalagsins.
7. Kosning formanns. Sigrún Sól Sólmundsdóttir formaður Svæðameðferðarfélag Íslands var ein í framboði og var kosin einróma. Hún þakkaði fyrir traustið og sagðist vonast til að vinna vel að málefnum bandalagsins. Fráfarandi formanni, Svövu Magnúsdóttur, voru þökkunnn unnninn störf og færður blómvöndur og gjöf að skilnaði.
8. Tilkynning um meðlimi í stjórn (Rannveig sendir mér nafnið á lithimnufræðingnum sem mun sitja). Anne May Sæmundsdóttir hættir sem fulltrúi CSFÍ og Hanna Jósafatsdóttir kemur inn í hennar stað.
9. Kosning 2ja skoðunarmanna. Dýrleif Skjöldal og Björn Gunnarsson buðu sig fram. Til vara Hallfríður Pálsdóttir. Samþykkt.
10. Önnur mál. Anne May sagði að búið væri að senda fundargerð NSK fundarins á formenn aðildarfélaganna. Ekki vannst tími til að segja frekar frá NSK þar sem tími okkar með salinn var útrunninn.
11. Óli leggur til að ekki verði haldinn fundur á Sólon aftur og var það samþykkt einróma!
12. Katrín sagði frá því að í apríl 2004 verði hér evrópsk ráðstefna heilbrigðisstétta sem fjalli um óhefðbundna verkjameðferð. Linda Konráðsdóttir bauðst til að afla frekari upplýsinga.

Fundi slitið kl. 19.25
Olga Sverrisdóttir
fundarritari.